

Ed.

689. Nefndarálit

[179. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Meðnefndarmenn mínir leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt. Ég tel, að á því beri að gera margháttaðar breytingar. Þótt sú skattalækkun, sem frv. gerir ráð fyrir á lágum tekjum og miðlungstekjum, sé að vísu spor í rétta átt, þá fer því alls fjarri, að orðið sé við hinum sanngjörnum og hófsamlegustu óskum og kröfum í því efni. Samkv. frv. er ætlað til, að einstaklingar greiði tekjuskatt, ef tekjur þeirra fara fram úr 7500 kr. á ári, og hjón af tekjum, sem eru meiri en 14000 kr. á ári. Þetta tekjumark er langt fyrir neðan brýnustu þurftartekjur. Augljóst er, að það er með öllu ómögulegt fyrir tvær manneskjur að lifa á 14 þús. kr. tekjum í heilt ár. Ætti það vissulega að vera nógu langt gengið að skerða slíkar tekjur með tollum og öðrum óbeinum sköttum, þótt ekki sé í viðbót lagður á þær tekjuskattur.

Því er mjög haldið fram af ríkisstjórninni og formælendum þessa frv., að hér sé um stórkostlega lækkun á sköttum að ræða fyrir allan almenning, og óspart flaggað með prósentureikningi í því sambandi. Lýst er yfir að lækkun tekjuskattsins muni nema um 10 millj. kr. Um þetta segir í grg. frv.: „Þeir, sem þessarar lækkunar njóta, eru fyrst og fremst fjölskyldufólk.“ Þessu til sönnunar er á það bent, að hjón, ómagalaus, með 20 þús. kr. tekjur fái 39% lækkun á tekjuskatti, en hjón með 2 börn og 40—60 þús. kr. árstekjur 31—37% lækkun.

Ómagalaus hjón með 20 þús. kr. árstekjur greiða samkv. gildandi lögum um 210 kr. í tekjuskatt. Lækkun um 39% nemur því hér um bil 80 kr. samkv. frv. Þetta er dæmi um hina „stórkostlegu lækkun“, sem lágtekjufólkið fær.

Félagaskattur á „aðeins“ að lækka um 20%. Samkv. skattskrá Reykjavíkur fyrir árið 1953 greiða 24 félög í Reykjavík samtals rösklega 5 milljónir króna í skatt. Lækkunin, sem fellur í þeirra hlut, nemur því yfir einni milljón. Fimm tekjuhæstu félögin greiða nálægt 2,2 millj. kr. í tekjuskatt. Lækkun þeirra samkv. frv. nemur því nálægt 450 þús. kr.

Það er því fullmikið öfugmæli, að það sé lágtekjufólk og fjölskyldufólk, sem fyrst og fremst á að njóta skattalækkunarinnar. Aðrir koma þar á undan.

Þær breytingar, sem ég tel að gera beri á frv., eru í höfuðatriðum þessar:

Tekjuskattur af tekjum einstaklinga, sem ekki fara fram úr 15 þús. kr. á ári, sé felldur niður með öllu. Tekjuskattur hjóna af undir 28 þús. kr. árstekjum falli alveg niður. — Frádráttur vegna barna verði hækkaður upp í 6000 kr. fyrir hvert barn. — Hjón séu skattlögð hvort í sínu lagi. Ákveðinn hluti ($\frac{1}{5}$) af tekjum fjölskyldumanna, sem ekki eiga íbúðarhúsnæði til eigin þarfa, sé gerður skattfrjáls, ef þeir leggja upphæðina í banka eða sparisjóð í því skyni að nota hana eingöngu til þess að byggja eða kaupa fyrir hana íbúð til eigin nota. — Sjómenn á togurum og fiskibátum fái rétt til að draga allt að $\frac{1}{3}$ hluta frá tekjum sínum, áður en skattur er á þær lagður. — Þá verði og verkafólki, sem þarf að dveljast utan heimilis vegna atvinnu sinnar eða takast á hendur ferðalög, leyft að draga hæfilegan hluta frá tekjunum vegna þessa kostnaðar við öflun þeirra. — Innheimtu tekjuskattsins hjá launþegum verði komið í það horf, að hann sé innheimtur um leið og teknanna er aflað. — Framtalsskylda sparifjár haldist óbreytt vegna eftirlits með framlögum.

Breytingartillögur mínar um framangreind atriði ber ég fram á sérstöku þingskjali.

Alþingi, 5. apríl 1954.

Haraldur Guðmundsson.